

AFKOMA ARION BANKA Á FYRRI ÁRSHELMINGI 2016

Hagnaður Arion banka á fyrri helming ársins 2016 nam 9,8 milljörðum króna samanborið við 19,3 milljarða króna á sama tímabili 2015. Arðsemi eigin fjár var 9,5% samanborið við 22,8% fyrir sama tímabil árið 2015. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 2,8 milljörðum króna samanborið við 7,8 milljarða á fyrri helming ársins 2015. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 2,8% samanborið við 9,8% á fyrri helming ársins 2015.

Heildareignir námu 1.035,0 milljörðum króna í lok júní samanborið við 1.011,0 milljarða króna í árslok 2015 og eigið fé hluthafa bankans nam 199,2 milljörðum króna í lok júní, samanborið við 192,8 milljarða króna í árslok 2015. Efnahagur bankans er sterkur og lögð hefur verið áhersla á trygga lausafjárstöðu í aðdraganda afnáms fjármagnshafta.

Eiginfjárhluftfall bankans í lok júní var 27,8% en var 24,2% í árslok 2015. Hlutfall eiginfjárbáttar A hækkaði og nam 26,8% samanborið við 23,4% í árslok 2015.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

<i>Í milljónum króna</i>	1H 2016	1H 2015	2F 2016	2F 2015
Hreinar vaxtatekjur	14.626	13.175	7.353	7.392
Hreinar þóknunatekjur	6.747	7.434	3.528	3.677
Hreinar fjármunatekjur	3.495	9.723	3.796	2.184
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	694	4.217	17	6
Aðrar rekstrartekjur	1.861	1.523	626	1.032
Rekstrartekjur	27.423	36.072	15.320	14.291
Laun og launatengd gjöld	(8.426)	(7.167)	(4.318)	(3.675)
Annar rekstrarkostnaður	(6.970)	(6.004)	(3.736)	(3.108)
Bankaskattur	(1.485)	(1.389)	(743)	(659)
Hrein virðisbreyting	945	(81)	1.448	(1.863)
Hagnaður fyrir skatta	11.487	21.431	7.971	4.986
Tekjuskattur	(2.091)	(2.367)	(1.354)	(647)
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	363	262	259	79
Hagnaður tímabilsins	9.759	19.326	6.876	4.418
Helstu kennitölur				
Arðsemi eigin fjár	9,5%	22,8%	13,3%	10,2%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,1%	3,0%	3,1%	3,3%
Kostnaðarhlutfall	56,1%	36,5%	52,6%	47,5%
Tier 1 hlutfall	26,8%	21,8%	26,8%	21,8%



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA:

„Afkoma bankans á fyrstu sex mánuðum ársins er undir væntingum. Grunnrekstur bankans gekk engu að síður ágætlega á tímabilinu en ytri aðstæður voru um margt óhagstæðar. Góður vöxtur var í útlánum, sérstaklega til fyrirtækja en lán bankans til fyrirtækja hafa aukist um 8% frá áramótum og hreinar vaxtatekjur aukast um 11%. Arion banki er vel búinn undir þær breytingar sem afnámi hafta fylgja, með traustan efnahag og sterka lausafjárstöðu.

Aðstæður á fjármálamörkuðum á tímabilinu voru bankanum óhagstæðar. Þannig eru fjármagnstekjur, aðrar en sala Valitor á hlutabréfum í Visa Europe, undir okkar væntingum og er bókfært umtalsvert tap af hlutabréfaeign bankans í skráðum félögum. Arion banki sá um allar nýskráningar í kauphöll á árinu 2015 en engar skráningar hafa átt sér stað á þessu ári og hefur það áhrif á þóknatekjur bankans. Rekstrarkostnaður eykst og munar þar mest um hærra launakostnað, fyrst og fremst vegna kjarasamninga. Talsverð fjölgun starfsfólks í kjölfar aukinna umsvifa hefur þar einnig áhrif, ekki síst nýtt útibú Arion banka á Keflavíkurflugvelli sem var opnað í maí og er opið allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þar teljum vera góð sóknarfæri. Starfsfólki fjölgar einnig í Valitor þar sem áfram er fjárfest í vexti á erlendum vettvangi.

Arion banki hefur verið leiðandi íslenskra banka á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í nýrri fjármögnun. Í apríl gaf bankinn út öðru sinni skuldabréf í evrum til breiðs hóps fjárfesta á umtalsvert hagstæðari kjörum en fyrra skuldabréfið sem var gefið út fyrir um ári síðan. Þessar útgáfur hafa verið mjög vel heppnaðar og gengi þeirra á eftirmarkaði hefur sýnt að eftirspurn eftir útgáfu bankans er umtalsverð. Bankinn hefur sömuleiðis gefið út sértryggð skuldabréf og víxla á íslenska markaðnum sem hefur verið vel tekið.“

FUNDUR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 1. september, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á ir@arionbanki.is og fá í kjölfarið sendar nánari upplýsingar varðandi þátttöku á símafundinum.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiddsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



REKSTRARREIKNINGUR

<i>Í milljónum króna</i>	1H 2016	1H 2015	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	14.626	13.175	1.451	11%
Hreinar þóknatekjur	6.747	7.434	(687)	(9%)
Hreinar fjármunatekjur	3.495	9.723	(6.228)	(64%)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaganna	694	4.217	(3.523)	(84%)
Aðrar rekstrartekjur	1.861	1.523	338	22%
Rekstrartekjur	27.423	36.072	(8.649)	-24%
Laun og launatengd gjöld	(8.426)	(7.167)	(1.259)	18%
Annar rekstrarkostnaður	(6.970)	(6.004)	(966)	16%
Bankaskattur	(1.485)	(1.389)	(96)	7%
Hrein virðisbreyting	945	(81)	1.026	-
Hagnaður fyrir skatta	11.487	21.431	(9.944)	-46%
Tekjuskattur	(2.091)	(2.367)	276	-12%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	9.396	19.064	(9.668)	-51%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	363	262	101	39%
Hagnaður tímabilsins	9.759	19.326	(9.567)	-50%

Rekstrartekjur námu 27,4 milljörðum króna, samanborið við 36,1 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2015. Megin breytingin á milli ára er vegna hreinna fjármunatekna og hlutdeildar í afkomu hlutdeildarfélaganna en mikill hagnaður var vegna virðisbreytinga og söluhagnaðar eignarhluta á árinu 2015.

Hreinar vaxtatekjur hækka um 11% milli ára og vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 3,1% á fyrri helming ársins 2016, samanborið við 3,0% á sama tímabili 2016. Aukinn vaxtamunur skýrist einkum af meiri vaxtaberandi eignum, þ.e. auknum útlánnum og lausafé í stað eignarhluta í félögum.

Hreinar þóknatekjur lækka um 9% milli ára, en lækkunin er einkum tilkomin vegna minni umsvifa á fjárfestingarbankasviði. Um 80% af hreinum þóknatekjum eru frá fyrirtækjum. Valitor eykur mjög umsvif sín á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Fyrirtækið er í örur vexti en jákvæð áhrif á hreinar þóknatekjur koma ekki fram fyrir en á næstu misserum eins og jafnan er hjá vaxtarfyrirtækjum. Áhrif af nýju útibúi bankans á Keflavíkurlflugvelli eru ekki komin inn í þóknatekjur að fullu.

Hreinar fjármunatekjur námu 3.495 milljónum króna, samanborið við 9.723 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2015. Hagnaður af sölu eignarhlutar Valitor í Visa Europe Ltd. til Visa Inc. nam 5.291 milljón króna á fyrri helmingi ársins 2016 en tap af verðbréfaeign vegna óhagstæðra markaðsaðstæðna og tap vegna styrkingar krónunnar kemur til lækkunar.

Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaganna var 694 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2016 í samanburði við 4.217 milljónir króna á sama tímabili 2015. Matsbreytingar og sala eignarhluta í tengslum við skráningu félaga á árinu 2015 hafði mikil áhrif á fyrri helming þess árs.

Aðrar rekstrartekjur hækka um 338 milljónir króna frá sama tímabili 2015 og nema 1.861 milljónum króna fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2016. Hækkunina má að mestu rekja til hagnaðar af sölu eigna á tímabilinu.

Rekstrarkostnaður nam samtals 15.936 milljónum króna á fyrri helmingi ársins 2016 samanborið við 14.641 milljón króna á sama tímabili 2015. Kostnaðarhlutfall var 56,1% samanborið við 36,5% á fyrri helmingi ársins 2015. Þessi mikla hækkun kostnaðarhlutfalls skýrist nær alfarið af háum tekjum af virðisbreytingum hlutabréfa og eignasölu á fyrri helmingi ársins 2015. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 3,0%, samanborið við 2,7% fyrstu sex mánuði ársins 2015.

Laun og launatengd gjöld námu 8.426 milljónum króna á tímabilinu og hækkuðu um 18% frá fyrri árs helmingi 2015. Þessar hækkunir má einkum skýra með áhrifum af nýjum kjarasamningum og fjölgun starfsmanna. Sé hækkun meðallauna reiknuð milli tímabila nemur hún 14,3% en launavísitala hækkar um 13,1% á sama tíma. Fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni var 1.199 í lok júní sem er aukning um 76 stöðugildi frá sama tíma á árinu 2015. Skýrist fjölgunin fyrst og fremst af fjárfestingum í nýjum sóknarfærum hér á landi og erlendis. Þar hafa aukin umsvif Valitor erlendis og opnun nýs útibús bankans á Keflavíkurlflugvelli mest áhrif.

Hrein virðisbreyting var jákvæð sem nemur 945 milljónum króna á fyrri helming ársins 2016. Umtalsverðar virðishækkunir urðu á lánnum til fyrirtækja í tengslum við skuldauppgjör en á móti var nokkur virðislækkun á



húsnæðislánum til einstaklinga tengd lokagreiðslu vegna skuldaniðurfellingar ríkisstjórnarinnar í upphafi árs 2015.

Tekjuskattur nam 2.091 milljón króna samanborið við 2.367 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2015. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 18,2% á tímabilinu samanborið við 11,0% á sama tímabili árið 2015. Lágt tekjuskattshlutfall 2015 skýrist einkum af óskattskyldum tekjum sem tilkomnar voru vegna hagnaðar og virðisbreytinga af hlutabréfaeign, sem ekki eru skattskyldar hjá fyrirtækjum. Heildar skattar eru sem fyrr hærrí en hjá öðrum fyrirtækjum sem starfa í íslensku efnahagsumhverfi. Skattar sem bankinn greiðir sérstaklega sem fjármálafyrirtæki eru samtals 2,4 ma.kr.

Afkoma af reglulegri starfsemi Arion banka er nokkru lakari á fyrri árshelmingi ársins 2016 samanborið við sama tímabil 2015. Hreinar vaxtatekjur og hreinar þóknatekjur eru fremur stöðugar en meiri sveiflur eru í tekjum af hlutabréfa- og skuldabréfaeign. Kostnaðarhækkunar hafa verið nokkuð miklar milli ára og má einkum rekja það til nýrra kjarasamninga sem innihéldu umtalsverðar hækkunar. Þegar horft er til reglulegrar starfsemi leiðréttir Arion banki afkomu sína fyrir söluhagnaði og virðisbreytingum af yfirteknum hlutabréfastöðum, tímabundnum bankaskatti, áhrifum dótturfélaga sem eru í óskyldum rekstri og virðisbreytingum útlána að hluta. Að teknu tilliti til ofangreinds lækkar afkoma fyrstu sex mánaða ársins um samtals 6.944 milljónir króna, niður í 2.815 milljónir króna. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 2,8% samanborið við 9,8% á sama tímabili 2015. Kostnaðarhlutfall af reglulegri starfsemi nam 65,6% á fyrri árshelmingi 2016 en var 49,8% á sama tímabili 2015.

Annar ársfjórðungur 2016

Afkoma annars ársfjórðungs 2016 var góð. Arðsemi eigin fjár var 13,3% samanborið við 10,2% arðsemi á öðrum ársfjórðungi 2015.

Í milljónum króna	2F 2016	2F 2015	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	7.353	7.392	(39)	(1%)
Hreinar þóknatekjur	3.528	3.677	(149)	(4%)
Hreinar fjármunatekjur	3.796	2.184	1.612	74%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag	17	6	11	183%
Aðrar rekstrartekjur	626	1.032	(406)	-39%
Rekstrartekjur	15.320	14.291	1.029	7%
Laun og launatengd gjöld	(4.318)	(3.675)	(643)	17%
Annar rekstrarkostnaður	(3.736)	(3.108)	(628)	20%
Bankaskattur	(743)	(659)	(84)	13%
Hrein virðisbreyting	1.448	(1.863)	3.311	-178%
Hagnaður fyrir skatta	7.971	4.986	2.985	60%
Tekjuskattur	(1.354)	(647)	(707)	109%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	6.617	4.339	2.278	53%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	259	79	180	228%
Hagnaður tímabilsins	6.876	4.418	2.458	56%

Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi hækkðu um 7% milli ára. Hreinar vaxtatekjur standa nánast í stað á milli ára en lítilsháttar lækkun var í hreinum þóknatekjum. Hreinar fjármunatekjur námu 3.796 milljónum króna og hafði sala Valitor á eignarhlut sínum í Visa Europe Ltd. til Visa Inc. þar mikil áhrif en söluhagnaðurinn var 5.291 milljón króna. Á móti kemur að tap var á verðbréfaeign á öðrum ársfjórðungi sem og að gengismunur var neikvæður á tímabilinu. Aðrar rekstrartekjur lækka milli tímabila aðallega vegna hærri tekna af fjárfestingareignum 2015.

Rekstrarkostnaður hækkar umtalsvert samanborið við fyrri ár bæði vegna hærri launakostnaðar í kjölfar samningsbundinna launahækkana sem og hærri kostnað af upplýsingatækni, aðkeypri sérfræðiþjónustu og markaðssetningu.



EFNAHAGSREIKNINGUR

Heildareignir samstæðu Arion banka aukast lítillega frá áramótum eða um 2%. Helstu breytingar má rekja til aukningar innstæðna hjá Seðlabanka og aukningar útlána en á móti lækka eignarhlutir í hlutdeildarfélögum sem og verðbréfaeign.

Í milljónum króna	30.06.2016	31.12.2015	Breyt.	Breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	77.108	48.102	29.006	60%
Lán til lánastofnana	85.607	87.491	(1.884)	(2%)
Lán til viðskiptavina	713.136	680.350	32.786	5%
Verðbréfaeign	121.246	133.191	(11.945)	(9%)
Fjárfestingareignir	6.487	7.542	(1.054)	(14%)
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	904	27.299	(26.395)	(97%)
Óefnislegar eignir	9.152	9.285	(133)	(1%)
Aðrar eignir	21.363	17.783	3.580	20%
Eignir samtals	1.035.003	1.011.043	23.959	2%

Lán til viðskiptavina námu 713.136 milljónum króna í lok júní og hækka um tæp 5% frá áramótum. Lán til fyrirtækja hafa aukist um rúm 8% á tímabilinu, eða um 30 milljarða króna. Þessi nýju lán eru einkum til félaga í iðnaði, orkuvinnslu og framleiðslu, í fasteignaviðskiptum og í heildsölu og smásölu. Íbúðalán til einstaklinga standa nánast í stað frá áramótum. Gæði útlánasafns bankans halda áfram að aukast. Hlutfall vandræðalána bankans lækkar úr 2,5% í árslok 2015 í 1,9% í lok annars ársfjórðungs 2016 en vandræðalán eru skilgreind sem bókfært virði lána sem komin eru í 90 daga vanskil og lána sem talin eru þurfa sértæka niðurfærslu. Þegar horft er til hlutfalls lána bankans sem hafa verið niðurfærð var það hlutfall 3,8% í lok júní 2016 og hafði lækkað úr 4,7% í árslok 2015.

Verðbréfaeign nam 121.246 milljónum króna í lok júní, samanborið við 133.191 milljón króna í árslok 2015 og lækkar bæði vegna sölu eigna, m.a. sölu á eignarhluta í Visa Europe Ltd., sem og lækkunar bréfa á mörkuðum.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum lækka verulega frá áramótum sem að mestu má rekja til sölunnar á eignarhlut í Bakkavor Group Ltd. í janúar 2016.

Skuldir samstæðu Arion banka hækka nokkuð frá áramótum og er það einkum ný lántaka sem skýrir þá hækkun. **Eigið fé og minnihluti** hækka vegna afkomu tímabilsins.

Í milljónum króna	30.06.2016	31.12.2015	Breyt.	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	8.018	11.387	(3.369)	(30%)
Innlán frá viðskiptavinum	423.089	469.347	(46.258)	(10%)
Fjárskuldir á gangvirði	4.722	7.609	(2.887)	(38%)
Aðrar skuldir	50.892	54.383	(3.491)	(6%)
Lántaka	329.885	256.058	73.827	29%
Víkjandi skuldir	9.553	10.365	(812)	(8%)
Eigið fé hluthafa	199.239	192.786	6.453	3%
Minnihluti	9.605	9.108	497	5%
Skuldir og eigið fé samtals	1.035.003	1.011.043	23.960	2%

Lántaka bankans nam 329.885 milljónum króna í lok júní. Í janúar gekk Arion banki hf. frá samningum við Kaupþing ehf. um útgáfu Arion banka á skuldabréfi að fjárhæð 747,8 milljónir Bandaríkjadala eða um 97 milljarðar króna. Skuldabréfið var gefið út innan EMTN-fjármögnunarramma Arion banka og er til sjö ára, en er uppgreiðanlegt á vaxtagjaldögum fyrstu tvö árin. Skuldabréfið ber fljótandi LIBOR vexti að viðbættu 2,6% álagi fyrstu tvö árin og mun vaxtaálagið að þeim tíma liðnum taka mið af markaðskjörum. Skuldabréfið kom til skuldajöfnunar á láni í erlendum myntum, sem Arion banki var áður með hjá Seðlabanka Íslands en var komið í eigu Kaupþings, og innlána Kaupþings hjá Arion banka í erlendum myntum og skýrir að mestu lækkun innlána frá síðustu áramótum. Útgáfa skuldabréfsins var liður í aðgerðum sem snúa að Kaupþingi og miða að afnámi fjármagnshafna og tilkynnt var um af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu 8. júní 2015. Í apríl gaf bankinn út 300 milljónir Evra til 3 ára undir EMTN ramma bankans. Bréfin voru gefin út með 270 bps álagi á Euribor en eru nú



með 130 bps. álagi á eftirmarkaði. Þetta er lægsta vaxtaálag á íslenskan banka. Bankinn hefur haldið áfram útgáfu á sértryggðum skuldabréfum til að fjármagna ný íbúðalán og gaf út slík bréf fyrir 15,3 milljarða króna á fyrri hluta ársins.

Eigið fé hluthafa bankans nam 199.239 milljónum króna í lok júní 2016 samanborið við 192.786 milljónir króna í lok árs 2015. Hækkunin skýrist af afkomu tímabilsins. Hlutfall eiginfjárpáttar A hjá bankanum nam 26,8% í lok júní 2016 samanborið við 23,4% í árslok 2015.

KENNITÖLUR

	1H 2016	2015	1H 2015
Arðsemi eign fjár	9,5%	28,1%	22,8%
Arðsemi eigna	1,9%	5,0%	4,0%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,1%	3,0%	3,0%
Vaxtamunur á heildareignir	2,9%	2,7%	2,7%
Kostnaðarhlutfall	56,1%	32,6%	36,5%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	3,0%	2,9%	2,7%
Virkur tekjuskattur	18,2%	6,0%	11,0%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)	27,8%	24,2%	23,3%
Tier 1 hlutfall	26,8%	23,4%	21,8%
Vandræðalán	1,9%	2,5%	3,3%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	71,8%	79,9%	74,5%
Útlán sem hlutfall af innlánum	168,6%	145,0%	141,2%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.171	1.139	1.118
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða	1.199	1.147	1.123
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	885	885	850
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	896	876	840

FJÁRHAGSDAGATAL 2016 OG 2017

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 3F 2016	16. nóvember 2016
Ársuppgjör 2016	23. febrúar 2017
Aðalfundur 2017	16. mars 2017
Árshlutauppgjör 1F 2017	10. maí 2017
Árshlutauppgjör 2F 2017	30. ágúst 2017
Árshlutauppgjör 3F 2017	15. nóvember 2017

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.